

Orð á töflu

Það er ekki ný hugmynd að nota orðaspjöld í kennslu en ég ákvað að nota þau markvisst þegar ég kenndi Auðvitað 2 bókina og Maðurinn - hugur og heilsa. Orðin áttu að vera sýnileg í skólastofunni. Þau mætti síðan nýta í upprifjun, ritun og umræður og leiki. Markmiðið var að gera fagorðin „skiljanleg og vinaleg“.



Ég valdi að fara þessa leið:

- Fagorð og önnur mikilvæg orð skráð á spjöld (límd með kennaratyggjói á töflu).
- Þegar farið er í nýjan kafla límir kennarinn orðaspjöldin á töfluna í þeirri röð sem þau koma fyrir í umræðunni/ textanum.
- Hugtök/orð útskýrð jafnóðum.
- Orð og hugtök eru tengd, munnlega eða skriflega við setninguna sem þau voru tekin út úr til að leggja áherslu á í hvaða orðasambandi þau eru. Þegar nemendur „glósa orð“ átta þau sig oft ekki á að orð getur haft fleiri en eina merkingu og því verður útskýringin oft „Út úr korti“. Nemendur þurfa því að máta útskýringuna við setninguna/textann.
- Þegar tilraun er framkvæmd eru fagorð sem tengjast henni límd á töfluna og kennarinn útskýrir þau
- Þegar hóparnir/ einstaklingur skila munnlegum niðurstöðum eftir framkvæmd tilraunar spyr kennarinn nemendur hvort þeir geti tengt fagorðin við framkvæmd og niðurstöður tilraunarinnar
- Þegar nemendur skrá niðurstöður sínar eru þeir beðnir um að koma völdum fagorðum inn í frásögnina



Þessi spjöld hafa reynst vel. Nemendum hefur þótt skemmtilegt að fá sjálfir að skipuleggja tilraunina. Þegar framkvæmdinni er lokið fá þeir bunka af fagorðum, þeir velja síðan orð úr bunkanum sem þeir telja að tengist tilrauninni og útskýra hvernig. Eða að kennari velur orð og límir á töflu. Hópurinn verður að vinna sig í gegnum tilraunina í sameiningu og eftir framkvæmd að færa rök fyrir því hvernig orðin á töflunni koma við sögu. Í lokin fer kennarinn yfir orðin sem hann límdi á töfluna í upphafi. Verkefnavinnan verður meira „alvöru“, fagorðin fá meiri athygli og þessi leið skapar oft líflegri umræður.

Orðin/ hugtökin sem nemendur hafa lært eru sýnileg og til taks í stofunni eins og áður segir. Þau nýtast vel í upprifjun á síðustu tilraun og tengingu við stafsetningu og ritun og m.fl. Stundum má jafnvel nýta þau í leik sem eflir athygli nemenda.

1. Velja sér orð (í huganum) af töflunni og koma með 1-2 vísbendingar sem tengjast orðinu og ef nemandi/hópur kemur með rétt svar fær hann stig. Dæmi: Þetta er samsett orð og með tvöfalda samhljóða í lokin. Hvert er orðið: **BOTNFALL** 😊
2. Raða má saman nokkrum spjöldum og nemendur eiga að benda á hvaða spjald tengist ekki hinum.
3. Eða raða saman nokkrum spjöldum, hópur/einstaklingur fer fram og á meðan ruglar kennari röðinni og tekur eitt spjald. Nemendur koma inn og finna út hvaða spjald var fjarlægt.